

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 11/2025

2025/EES/30/11

frá 7. febrúar 2025

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka
(Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2104 frá 27. júní 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar í hvaða tilvikum og við hvaða skilyrði lögbær yfirvöld geta krafist þess að rekstraraðilar tilkynni um komu tiltekinna vara inn til Sambandsins ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra, fóður og matvæli. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra, fóður og matvæli skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 3) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæði I. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 11bzf (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/266) í hluta 1.1 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„11bzg. **32024 R 2104**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2104 frá 27. júní 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar í hvaða tilvikum og við hvaða skilyrði lögbær yfirvöld geta krafist þess að rekstraraðilar tilkynni um komu tiltekinna vara inn til Sambandsins (Stjtið. ESB L, 2024/2104, 25.9.2024).“

2. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 31qza (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/266) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„31qzb. **32024 R 2104**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2104 frá 27. júní 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar í hvaða tilvikum og við hvaða skilyrði lögbær yfirvöld geta krafist þess að rekstraraðilar tilkynni um komu tiltekinna vara inn til Sambandsins (Stjtið. ESB L, 2024/2104, 25.9.2024).“

2. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 164zg (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/266) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/2104, 25.9.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2024/2104/oj

„164zh. **32024 R 2104**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2104 frá 27. júní 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar í hvaða tilvikum og við hvaða skilyrði lögbær yfirvöld geta krafist þess að rekstraraðilar tilkynni um komu tiltekinna vara inn til Sambandsins (Stjtið. ESB L, 2024/2104, 25.9.2024).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2024/2104, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 8. febrúar 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. febrúar 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.